

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 20. desember 2022

Mál nr. E-1296/2022:

Leoncia India Martin

(Ómar R. Valdimarsson lögmaður)

gegn

Helga Jónssyni

(Áslaug Lára Lárusdóttir lögmaður)

Dómur

1. Mál þetta, sem var dómtekið 6. desember 2022, var höfðað 11. mars 2022 af Leonciu Indiu Martin, [...], gegn Helga Jónssyni, [...].
2. Stefnandi krefst þess að eftirfarandi ummæli stefnda, sem voru birt á vefsíðunni www.glatkistan.is/leoncie, 19. janúar 2015 verði dæmd dauð og ómerk:
 1. „Næstu árin starfaði Leoncie við nektardans og söng með hléum en dvaldi þess á milli erlendis um lengri og skemmri tíma en var alkominn til Íslands 1990, upp úr því fór hún aftur að láta kveða að sér á tónlistarsviðinu.“
 2. „Í ársbyrjun 1994 sýndi Ríkissjónvarpið þátt um Leoncie þar sem ferli hennar í máli og myndum var gerð skil, það sem olli þó mesta umtalinu var bútur sem ekki var í myndinni (sem klipptur hafði verið út að beiðni Sveinbjörns I. Baldvinssonar þáverandi dagskrárstjóra) en þar klæddi söngkonan sig í nærbuxur merktar Alþýðuflokknum sem Jón Baldvin Hannibalsson þáverandi utanríkisráðherra, hafði fært henni á einhverri skemmtun á Suðurnesjunum.“
 3. „Þetta ár birtust fréttir þess efnis að Leoncie hefði landað stórum þriggja ára útgáfusamningi á Indlandi en líklega áttu þær fréttir aldrei við nein rök að styðjast.“
 4. „Næstu árin átti Leoncie eftir að leggja meiri áherslu á tónlistarferil sinn en áður, hún var hætt að strippa og plötur komu nú út tíðar en áður, 2002 kom næsta plata en hún bar titilinn Sexy loverboy. Tímaritið Sánd gaf plötunni frábæra dóma en miðað við það sem á undan hafði gengið er erfitt að lesa í raunverulega merkingu þess dóms.“
3. Stefnandi krefst jafnframt aðallega 2.000.000 króna í miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 19. janúar 2015 til 7. febrúar 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er krafist lægri fjárhæðar að álitum dómsins með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu.

4. Stefnandi krefst þess einnig að stefnda verði gert að greiða henni hæfilega fjárhæð til að standa straum af kostnaði við birtingu forsendna og dóms í máli þessu. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.
5. Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Helstu málsatvik

6. Mál þetta verður rakið til þess að 19. janúar 2015 birtist grein um stefnanda á vefsíðunni „glatkistan“. Stefndi heldur úti vefsíðunni og er þar fjallað um íslenska tónlist og tónlistarmenn. Í greininni er fjallað um ævi og feril stefnanda, þar með talið tónlist og plötur sem hún hefur gefið út, og er þar að finna þau ummæli sem kröfur stefnanda varða.
7. Í janúar 2020 fóru stefnda að berast skilaboð frá stefnanda, en hún mun hafa viljað að umfjöllun um hana á fyrrgreindri vefsíðu yrði fjarlægð. Hinn 11. mars 2020 birti stefndi yfirlýsingu á vefsíðunni þar sem fram kemur að allt efni tengt stefnanda verði fjarlægt. Því var lýst að ástæðan væri gegndarlaus ónæði og dónaskapur stefnanda og eiginmanns hennar í garð stefnda, fjölskyldu hans og samstarfsfólks.
8. Stefnandi kveður umrædda umfjöllun engu að síður hafa verið aðgengilega á internetinu. Þannig hafi umfjöllun um hana á vefsíðunni Wikipedia verið byggð á grein stefnda, en greinin er þar meðal tilvísana.
9. Með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda 7. janúar 2022 var því haldið fram að greinin hefði að geyma ærumeiðandi ummæli. Þess var krafist að stefndi greiddi stefnanda 2.516.129 krónur og að afsökunarbeiðni yrði birt á vefsíðunni. Stefndi brást ekki við þessu erindi.
10. Meðal gagna málsins er tölvubréf stefnanda frá 24. febrúar 2022 til leikskólastjóra á leikskóla þar sem eiginkona stefnda starfar. Þar er því meðal annars lýst að stefndi og eiginkona hans séu heltekin af stefnanda og er leikskólastjórinn hvött til að áminna eða reka konuna.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

11. Stefnandi byggir á því að fullyrðingar þess efnis að hún hafi starfað við nektardans, berað sig í nærbuxum merktum Alpýðuflokknum, sem á að hafa verið klippt úr þætti sem sýndur var á RÚV, og að útgáfusamningur á Indlandi hafi ekki átt við rök að styðjast hafi falið í sér ærumeiðandi aðdróttanir, sbr. 234. gr., 235. gr., 236. og 237. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þau ummæli sem krafist sé ómerkingar á hafi falið í sér grófa árás á æru stefnanda og starfsheiður. Þá séu ummælin röng, óviðurkvæmileg

og til þess fallin að valda stefnanda mannorðsskaða og álitshnekki. Framangreindar ærumeiðingar og aðdróttanir séu alvarlegar þar sem nektardans sé talinn siðferðislega ámælisverður. Hafi ummælin falið í sér ásakanir um ólögmdæta og siðferðislega ámælisverða háttsemi. Þá hafi stefndi einnig brotið 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þar sem hann hafi viðhaft ummælin gegn betri vitund. Ómerkja beri ummælin með vísan til 241. gr. sömu laga.

12. Vísað er til þess að stefnandi hafi mátt þola ýmsa umræðu, en umfjöllun stefnda sé að hennar mati verst. Lögð er áhersla á að stefnandi sé heiðarleg, sómakær og guðrækin kona sem kæri sig ekki um að vera kennd við siðferðislega ámælisverða háttsemi eins og nektardans. Því síður geti hún fellt sig við að vera vænd um að koma fram á nærbuxum merktum Alþýðuflokknum einum fata.
13. Umfjöllun stefnda hafi valdið stefnanda vanlíðan og hafi hún þurft að leita til sálfræðings vegna þessa. Þá hafi ummælin haft líkamleg streituáhrif á stefnanda, sbr. meðal annars [læknisvottorð].
14. Stefnandi vísar til þess að það sé sérstaklega meiðandi að ummælin hafi verið sett fram á internetinu, en hún njóti mikillar virðingar samferðamanna sinna í tónlistinni. Umfjöllun af þessu tagi hafi haft gríðarlega neikvæð áhrif á tónlistarferil stefnanda, en ætlunin virðist helst hafa verið að gera lítið úr stefnanda og hæfileikum hennar sem listamanns. Þá hafi ummælin verið tekin upp á ýmsum vefsíðum og það valdið stefnanda enn frekara tjóni. Þannig sé umfjöllun á hinni mikið sóttu vefsíðu Wikipedia að verulegu leyti byggð á ærumeiðandi umfjöllun stefnda. Stefnandi hafi nú fjarlægt umfjöllunina af vefsíðu sinni, en samt ekki á nokkurn hátt reynt að draga úr áhrifum hinnar röngu umfjöllunar.
15. Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi einkum til XXV. kafla almennra hegningarlaga og 71. gr. stjórnarskrárinnar. Þá styðst krafa um miskabætur við 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

16. Stefnandi byggir á því að hin umdeildu ummæli njóti verndar 73. gr. stjórnarskrárinnar og séu ekki uppfyllt skilyrði til að takmarka tjáningarfrelsi hans. Meta verði ummælin heildstætt, þar með talið hvers eðlis þau séu, tilgang þeirra og hvar þau hafi verið birt.
17. Stefnandi leggur áherslu á að ummælin hafi verið birt á vefsíðu sem stefnandi haldi úti og sé tileinkuð íslensku tónlistarfólki. Tilgangur vefsíðunnar sé að varðveita upplýsingar um tónlistarfólk og íslenska tónlistarsögu. Umfjöllun um stefnanda hafi ekki verið sett

fram á ærumeiðandi hátt eða þar verið greint frá neinu sem leynd hafi ríkt um. Stefndi hafi byggt á skriflegum heimildum og hafi markmiðið með umfjölluninni verið að varðveita upplýsingar um tónlistarferil stefnanda. Það standist ekki að skerða tjáningarfrelsi stefnda með þeim hætti að honum sé óheimilt að greina frá heimildum sem hafi verið á almannavitorði, en umfjöllunin hafi meðal annars verið byggð á viðtölum við stefnanda.

18. Hvað varðar fyrstu ummælin þá geri stefnandi athugasemdir við tilvísun til þess að hún hafi starfað við nektardans. Ummælin hafi verið reist á fjölda heimilda, svo sem viðtölum við stefnanda þar sem fram komi að hún hafi unnið sem nektardansmæring og auglýsingum um viðburði á hennar vegum. Ekki verði séð að stefnandi hafi fram til þessa verið mótfallin slíkri umfjöllun eða óskað leiðréttingar á henni. Þessu til stuðnings er meðal annars vísað til umfjöllunar í tímaritinu Eintak 27. janúar 1994. Þar hafi stefnandi svarað spurningu um hvort hún sé „enn að fækka fötum fyrir Íslendinga“ með eftirfarandi hætti: „Aðeins í einkasamkvæmum. Ég fer ekki á opinbera skemmtistaði vegna þess að ég vil ekki sýna líkama minn fyrir nokkrar krónur og mér er alveg sama hverjir koma frá Danmörku og dansa fyrir tvö, þrjú þúsund krónur. Ég vil fá hæstu borgun vegna þess að ég hugsa í milljónum en ekki í þúsundum.“ Þá hafi komið fram í viðtali í Dagblaðinu-Vísi 15. janúar 1998 að stefnandi hefði verið fulltrúi Íslands í nektardanskeppni á Norðurlöndunum. Hafi þar verið haft eftir stefnanda: „Við mættum þarna og dönsuðum erótískan listdans en [...]“. Í sama viðtali hafi komið fram að stefnandi vinni á nektardansstað á kvöldin en taki upp tónlist á daginn. Þá hafi í viðtali á Vísi-Fókus árið 2000, undir fyrirsögninni „Frumkvöðull nektardansins“, verið haft eftir stefnanda: „Ég var alls ekki fyrsta nektardansmæringin á Íslandi en ég varð fyrir miklu skítkasti út af þessu.“
19. Önnur ummælin sem krafist sé ómerkingar á hafi einnig verið unnin beint upp úr eldri fjölmiðlaumfjöllun sem varði stefnanda. Þannig hafi stefnandi sjálf lýst því í viðtölum að hluti sjónvarpsþáttar um feril hennar, þar sem hún hafi verið klædd nærbuxum merktum Alþýðuflokknum, hafi verið klipptur út. Í viðtali í Pressunni 3. febrúar 1994 hafi þannig til dæmis eftirfarandi verið haft eftir stefnanda: „Mér er sagt að ríkissjónvarpið hafi hringt í Jón Baldvin Hannibalsson á elleftu stundu og vegna hans vilja klippt nærbuxnaatriðinu út. Ég skil þetta ekki, - þetta var mjög skemmtilegt atriði.“ Þá hafi komið fram í viðtali í Eintaki frá sama degi að stefnandi skildi hvorki „upp né niður í því af hverju sú ákvörðun hefði verið tekin að klippa þennan kafla burt“.
20. Stefndi leggur áherslu á að fyrstu og önnur ummælin, sem krafist sé ómerkingar á, hafi aðeins verið endursögn frásagna og fengið stoð í viðtölum við stefnanda. Slík tjáning sé stefnda heimil og refsilaus, en hann hafi byggt á fjölda heimilda sem standi óhaggaðar. Upplýsingar í þessum heimildum hafi verið á vitorði almennings. Ekki verði séð að

stefnandi hafi gert tilraun til þess að koma á framfæri leiðréttingum, heldur hafi hún þvert á móti ítrekað komið fram og staðfest heimildirnar. Hafi stefndi verið í góðri trú um sannleiksgildi þeirra heimilda sem hann nýtti, sbr. 236. gr. almennra hegningarlaga.

21. Stefndi byggir á því að þriðju og fjórðu ummælin feli í sér gildisdóma þar sem hann tjái persónulegar skoðanir sínar og ályktanir. Slík tjáning njóti sérstakrar verndar og þurfi ekki að sýna fram á sannleiksgildi hennar. Hafi stefndi ályktað að fréttir um að stefnandi hefði landað útgáfusamningi á Indlandi ættu ekki við rök að styðjast, enda hafi hann ekki fundið frekari upplýsingar um slíkan samning. Með fjórðu ummælunum hafi stefndi lýst þeirri skoðun að erfitt væri að lesa í raunverulega merkingu gagnrýni um tiltekna plötu stefnanda í tímaritinu Sáand. Umrædd gagnrýni hafi verið eftir tónlistarmanninn Pál Óskar, en gagnrýnandanum og stefnanda hafi stuttu síðar sinnast. Hafi stefndi talið líklegt að stefnandi túlkaði umrædda gagnrýni á sama hátt. Áréttað er að stefnda sé frjálst að draga ályktanir af ummælum annarra og hafi hann gert það eftir bestu vitund.
22. Stefndi vísar til þess að stefnandi sé opinber persóna í margþættum skilningi, þar með talið sem þjóðþekkt og hæfileikarík söngkona. Rýmra tjáningarfrelsi eigi við þegar fjallað sé um slíka einstaklinga. Þá beri að líta til þess að hin umdeilda grein hafi verið sett fram í því skyni að varpa sem skýrustu ljósi á tónlistarferil stefnanda. Vikið hafi verið að því að stefnandi hefði fengið ósanngjarnar móttökur frá fólki hér á landi og skoðunum sem stefnandi hafði komið á framfæri í fjölmiðlum þannig verið gefið vægi. Þá hafi stefndi hrósað tónlist stefnanda undir lok greinarinnar og lýst henni sem skemmtilegri blöndu indversks popps með íslenskar skírskotanir. Jafnframt hafi komið fram að stefnandi sé „líklega einn duglegasti tónlistarmaður sem Ísland hefur alið, hún hefur alltaf haldið áfram af þrautseigju og dugnaði þrátt fyrir mótlæti“.
23. Stefndi tekur fram að þau ummæli, sem krafist sé ómerkingar á, séu ekki röng. Hafi stefndi raunar fjallað um líf stefnanda með sama hætti og hún hafi gert í viðtölum við fjölmiðla. Þá hafi þær upplýsingar og heimildir sem stefndi hafi byggt á fullt gildi og honum verið rétt að treysta þeim. Ummælin séu ekki ærumeiðandi og eigi tilvísanir stefnanda til 234.–237. gr. almennra hegningarlaga ekki við. Þá hafi ummælin verið sett fram í góðri trú og á grundvelli heimilda, sbr. 236. gr. sömu laga. Beri því að hafna kröfu um ómerkingu ummælanna, sbr. 241. gr. almennra hegningarlaga
24. Stefndi mótmælir sérstaklega miskabótakröfu stefnanda með vísan til þess að skilyrðum 26. gr. skaðabótalaga sé ekki fullnægt. Þá sé fjárhæð kröfunnar ekki í samræmi við dómaframkvæmd. Kröfu um birtingu dóms er jafnframt mótmælt.

IV

Niðurstaða

25. Ágreiningur aðila lýtur að því hvort framangreind ummæli stefnda, sem birtust í grein á vefsíðunni glatkistan, hafi falið í sér ærumeiðingar sem brjóti gegn 234., 235., 236. og 237. gr. almennra hegningarlaga og friðhelgi einkalífs stefnanda eða hvort ummælin rúmist innan tjáningarfrelsis stefnda, sbr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Við mat á sanngjörnu jafnvægi milli þessara réttinda ber að skýra 71. og 73. gr. stjórnarskrárinnar í ljósi 8. og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og þeirra viðmiða sem hafa mótast í framkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu.
26. Hvort sem um gildisdóma eða staðhæfingar um staðreyndir er að ræða verður í málum af þessu tagi að leggja mat á það hvort tjáningarfrelsi verði takmarkað í þágu friðhelgi einkalífs. Í því sambandi ber meðal annars að líta til þess hvort ummælin feli í sér framlag til þjóðfélagsumræðu, hvort þau beinist að þjóðþekktri persónu, hvert viðfangsefni þeirra er og hvort fyrri háttsemi viðkomandi eigi þátt í því að ummælin voru sett fram. Jafnframt verður litið til þess hvernig upplýsinga, sem lágu til grundvallar ummælunum, var aflað og hvort þær voru áreiðanlegar, innihalds og framsetningar ummælanna sem og þess hvaða afleiðingar þau höfðu. Verða ummæli stefnda metin heildstætt út frá framangreindum sjónarmiðum, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar frá 19. mars 2021 í máli nr. 680/2019.
27. Eins og rakið hefur verið birtust hin umþrættu ummæli í grein sem stefndi ritaði og birti á vefsíðu sem hann heldur úti. Á vefsíðunni er í svokölluðum „gagnagrunni“ að finna umfjöllun um fjölda íslenskra tónlistarmanna, en í aðilaskýrslu stefnda kom fram að líklega hefði hann fjallað um meira en 1000 tónflytjendur. Stefndi lýsti því að hann leitaði einkum heimilda á vefsíðunni timarit.is, auk þess sem hann nýtti aðrar upplýsingar og eftir atvikum munnlegar heimildir. Það er í samræmi við upplýsingar á vefsíðunni, sem stefnandi vísaði til við munnlegan málflutning.
28. Það liggur fyrir að stefnandi er þjóðþekkt og hefur gefið út tónlist í gegnum tíðina, þar með talið hljómplötur. Gögn málsins bera með sér að stefnandi hafi veitt fjölmiðlum fjölda viðtala í tímans rás og jafnframt komið á framfæri auglýsingum um viðburði sem hún hefur staðið fyrir. Hefur stefnandi þannig verið áberandi og sjálf kosið að stíga fram á sjónarsviðið. Af þeim sökum verður stefnandi að þola óvægnari umfjöllun og gagnrýni en ella, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 1. mars 2007 í máli nr. 278/2006.
29. Sú grein sem um ræðir hefur að geyma ítarlega umfjöllun um feril stefnanda og er hún um þrjár blaðsíður að lengd. Í greininni eru rakin ýmis atvik í tímaröð, þar með talin útgáfa á tilteknum lögum og hljómplötum, auk þess sem gerð er grein fyrir viðtökum þeirra. Þá er meðal annars vikið að því að stefnandi hafi komið fram í viðtölum og kvartað undan því að hafa verið úthýst í íslenskum skemmtanaíðnaði, sem og að hún hafi tengt það við kynþáttafordóma og öfund. Gerð er grein fyrir breyttum áherslum í ferli stefnanda í tímans rás. Þá er undir lok greinarinnar vísað til þess að stefnandi sé

líklega einn duglegasti tónlistarmaður sem Ísland hefur alið, en hún hafi alltaf haldið áfram af þrautseigju og dugnaði þrátt fyrir mótlæti.

30. Að mati dómsins verður að leggja til grundvallar að tilgangur stefnda með ritun og birtingu greinarinnar hafi verið að taka saman upplýsingar um feril stefnanda á grundvelli ýmissa heimilda, sem og að gera umfjöllunina aðgengilega fólki sem hafi áhuga á íslenskri tónlist. Stefndi hefur lýst því að hann vilji stuðla að því að upplýsingar sem þessar varðveitist og kemur það jafnframt fram á vefsíðunni. Leggja verður til grundvallar að um sé að ræða áhugamál stefnda, en ekki verður séð að markmið stefnda með síðunni sé að afla tekna þótt hann hafi í einhverjum tilvikum fengið styrki, miða á tónleika og önnur fríðindi eins og fram kom í aðilaskýrslu hans.
31. Með fyrstu ummælunum, sem stefnandi krefst að verði ómerkt, var vísað til þess að stefnandi hefði starfað „við nektardans og [sungið] með hléum en [dvalið] þess á milli erlendis um lengri og skemmri tíma en var alkomin til Íslands 1990, upp úr því fór hún aftur að láta kveða að sér á tónlistarsviðinu“. Þá kom meðal annars fram í fjórðu ummælunum að stefnandi væri „hætt að strippa og plötur komu nú út tíðar en áður [...]“. Telja verður að í þessum ummælum stefnda felist að stefnandi hafi á tilteknu tímabili starfað við nektardans og telur stefndi það fá stoð í ýmsum heimildum.
32. Lagt hefur verið til grundvallar að sú meginregla gildi í meiðyrðamálum að ekki verði refsað fyrir sönn ummæli, sbr. til dæmis dóma Hæstaréttar frá 15. desember 2005 í máli nr. 181/2005 og frá 31. mars 2015 í máli nr. 421/2014. Þá hefur Mannréttindadómstóll Evrópu á seinni árum ítrekað slegið því föstu að þrátt fyrir að ummæli falli ekki í flokk hinna betur vörðu gildisdóma, heldur teljist til staðhæfinga um staðreyndir, geti þær verið réttlætanager jafnvel þótt ummælin hafi ekki verið sönnuð. Við matið á því hvort telja eigi staðhæfingar réttlætanager lítur dómstóllinn til fjölda atriða sem tengjast háttsemi og huglægri afstöðu viðkomandi, meðal annars til að leiða í ljós hvort hann hafi gert viðeigandi tilraunir til að kanna staðreyndargrundvöll ummæla sinna.
33. Stefndi hefur lagt fyrir dóminn ýmsar fréttir og viðtöl við stefnanda, en eins og áður greinir kveðst hann einkum hafa aflað heimilda á vefsíðunni timarit.is og má finna þau gögn sem um ræðir þar. Í þessum gögnum er meðal annars haft eftir stefnanda að hún fækki aðeins fötum í einkasamkvæmum, sem og að hún sé „alls ekki fyrsta nektardansmærin á Íslandi“, sbr. frétt sem birtist árið 2000 á Vísi-Fókus undir fyrirsögninni „Frumkvöðull nektardansins“. Þá kom fram í frétt í Dagblaðinu-Vísi 15. janúar 1998, sem var meðal annars byggð á viðtali við stefnanda, að hún hefði verið fulltrúi Íslands í nektardanskeppni á Norðurlöndunum. Fram kom að stefnandi starfaði á nektardansstað á kvöldin en tæki upp tónlist á daginn. Þá gagnrýndi stefnandi meðal annars að hér á landi hagi „fjölmíðlar sér eins og nektardans [sé] glæpur“. Jafnframt hafa verið lagðar fram auglýsingar um viðburði þar sem stefnandi hefur komið fram, þar með

talið í Tímanum 30. nóvember 1990 þar sem vísað var til þess að stefnandi muni syngja „nokkur af sínum sérstæðu diskólögum og sýnir fullkominn nektardans á austurlenskan hátt í Næturklúbbnum [...]“. Að framangreindu virtu fá hin umþrættu ummæli um að stefnandi hafi stundað nektardans eða „strippað“ stoð í ýmsum fréttum, þar með talið viðtölum við stefnanda, og hafði stefndi enga ástæðu til að draga réttmæti þessa í efa. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fallist á að stefnandi hafi farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns með þessum ummælum.

34. Með öðrum ummælunum sem deilt er um vísaði stefndi til þáttar sem birtist í Ríkisútvarpinu um feril stefnanda árið 1994. Hann tók fram að mestu umtali hefði valdið bútur sem var klipptur út úr þættinum þar sem stefnandi „klæddi [...] sig í nærbuxur merktar Alþýðuflokknum sem Jón Baldvin Hannibalsson þáverandi utanríkisráðherra, hafði fært henni á einhverri skemmtun á Suðurnesjunum“. Af hálfu stefnda hefur verið lögð fram fjölmiðlaumfjöllun sem þetta varðar, þar með taldar fréttir sem birtust í tveimur fjölmiðlum 3. febrúar 1994. Í báðum tilvikum var haft eftir stefnanda að hún áttaði sig ekki á þeirri ákvörðun að klippa umræddan kafla úr þættinum. Fyrirsögn annarrar fréttarinnar er: „Nærbuxnaatriðinu kippt út“ og er eftirfarandi haft eftir stefnanda: „Mér er sagt að ríkissjónvarpið hafi hringt í Jón Baldvin Hannibalsson á elleftu stundu og vegna hans vilja kippt nærbuxnaatriðinu út. Ég skil þetta ekki, - þetta var mjög skemmtilegt atriði.“ Þá er því nánar lýst að Pressan hafi komist yfir uppruna- legu útgáfuna af þættinum og er jafnframt gerð grein fyrir hinu umdeilda „nærbuxna- atriði“, eins og það var orðað. Samkvæmt þessu er ljóst að umfjöllun stefnda var byggð á frétttaflutningi og heimildum sem hann hafði aflað. Þau ummæli sem um ræðir sóttu stoð í þessi gögn og hafði stefndi ekki ástæðu til annars en að telja þau rétt.
35. Hvað varðar þriðju og fjórðu ummælin, sem krafist er ómerkingar á, verður að hafa í huga að sá hluti þeirra sem stefnandi gerir athugasemdir við hefur að geyma ályktanir eða skoðanir stefnda. Með þriðju ummælunum tók stefndi fram að líklegast væri að fréttir um að stefnandi hefði landað stórum útgáfusamningi á Indlandi ættu ekki við rök að styðjast. Gögn málsins bera með sér að stefnandi hafi lýst því yfir í fjölmiðlum að hún hafi gert slíkan samning, sbr. til dæmis frétt sem birtist í Helgarpóstinum 13. október 1994. Stefndi kveðst ekki hafa fundið frekari fréttir um afrakstur slíks samnings og því ályktað að ekki hefði af honum orðið. Um er að ræða ályktun eða gildisdóm sem studdist við tiltekin gögn og verður með engu móti fallist á að stefndi hafi með þessum ummælum farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns.
36. Með fjórðu ummælunum vísaði stefndi til þess að tiltekin plata stefnanda hefði fengið frábæra dóma í tímaritinu Sáнд, en tók fram að „miðað við það sem á undan hafði gengið [væri] erfitt að lesa í raunverulega merkingu þess dóms“. Skilja verður hin umdeildu ummæli með þeim hætti að stefndi telji óvíst hvort full alvara hafi falist í

gagnrýninni. Stefndi útskýrði nánar í aðilaskýrslu sinni að hann hefði haft vitneskju um að stefnanda og höfundu gagnrýnnar hefði sinnast. Hafi stefndi dregið þá ályktun að stefnandi kynni að hafa túlkað gagnrýnina með sama hætti og stefndi taldi hugsanlegt. Hvað sem þessu líður er ljóst að umrædd ummæli fela í sér vangaveltur stefnda sem telja verður til gildisdóms og gekk hann ekki lengra í tjáningu sinni en heimilt er.

37. Samkvæmt öllu framangreindu telur dómurinn að sú tjáning sem um er deilt rúmist innan tjáningarfrelsis stefnda samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Takmörkun tjáningar hans með ómerkingu ummæla eða skyldu til greiðslu miskabóta telst þannig ekki uppfylla skilyrðið um nauðsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi. Verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda.
38. Að virtum úrslitum málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn, meðal annars að virtri tímaskýrslu lögmanns hans, með þeim hætti sem greinir í dómsorði.

Ásgerður Ragnardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Helgi Jónsson, er sýkn af kröfum stefnanda, Leonciu Indiu Martin.
Stefnandi greiði stefnda 1.400.000 króna í málskostnað.

Ásgerður Ragnarsdóttir

Staðfest rétt endurrit:
Héraðsdómi Reykjavíkur 20.12.2022